

**Fundargerð samstarfsnefndar
Félagsráðgjafafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands, föstudaginn 13. janúar 2023. Fundað var á fjarfundi.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Eldey Huld Jónsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Afturvirkni mats á starfi skólafélagsráðgjafa

Á fundi framkvæmdanefndar starfsmats þann 30. nóvember 2021 var ákveðið að gefa út starfsheitið skólafélagsráðgjafi hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands. Verkefnastofa starfsmats sendi beiðni til þriggja sveitarfélaga og óskaði eftir starfslýsingu og útfylltum spurningalista fyrir starfið.

Gögn frá öllum sveitarfélögum voru komin í júní 2022. Starf skólafélagsráðgjafa var samþykkt á fundi framkvæmdanefndar starfsmats 29. nóvember 2022.

Samkvæmt verkferlum sem gilda um ný útgefin störf í starfsmati, er störfum yfirleitt braðabirgðaraðað en það á ekki við um starf skólafélagsráðgjafa.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd samþykkir að nýtt mat á starfi skólafélagsráðgjafa gildi frá 1. júlí 2022 eða frá þeim tíma þegar viðeigandi gögn voru komin til Verkefnastofu vegna starfins.

Starfið fékk 688 stig í starfsmati og raðast í launaflokk 171.

Fleira ekki gert.